


Handbók í lyflæknis- fræði

ÚT ER KOMIN ÖNNUR útgáfa Handbókar í lyflæknisfræði á vegum lyflækningadeildar Landspítala Hringbraut. Höfuðmarkmiðið með útgáfunni er „að setja á einn stað hagnýtar og aðgengilegar leiðbeiningar um það hvernig nálgast skuli tiltekin klínísk vandamál“, eins og segir í formála bókarinnar.

Í rauninni er hér verið að leggja grunninn að íslenski kennslubók í lyflæknisfræði, sem í framtíðinni er hugsuð þannig að útgáfuformið muni bjóða upp á stöðugar viðbætur, endurskoðun og breytingar. Útgáfan verði þannig í raun lifandi endurspeglun þeirrar þekkingar og



reynslu sem fyrir hendi er hverju sinni.

Alls skrifa 30 höfundar í bókina. Ritstjórar eru Ari J. Jóhannesson og Runólfur Pálsson, aðtoð við ritstjórn veittu Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sigríður Björnsdóttir.

Barnageðlæknafélag Íslands Ný stjórn

AÐALFUNDUR Barnageðlæknafélags Íslands var haldinn 27. maí síðstliðinn. Á fundinum var Dagbjörg Sigurðardóttir kosin ritari. Að öðru leyti er stjórnin óbreytt

frá því sem var og þannig skipuð: formaður Páll Tryggvason, gjaldkeri Ólafur Ó. Guðmundsson, varastjórnendur Bertrand Lauth og Katrín Árnadóttir.